



Laufráðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

30. árg. 2021 1. tbl.

Vor í skóginum





Endurheimt skóglendis

Alþjóðlegur dagur skóga, 21. mars, var í ár helgaður endurheimt skóga. Það er málefni sem er Íslendingum hjartfólgið enda höfum við tapað mestallri skógarþekju landsins í aldanna rás. Hér á landi hafa menn unnið að endurheimt skóga og verndun skógarleifa um áratuga skeið. Í sumum tilfellum þarf ekki mikið til að endurheimta skógin. Það nægir jafnvel að friða land fyrir beit og fyrr en varir spretta upp birkitré og víði-brúskar þar sem áður sást ekki ein einasta hrísla.

Í öðrum tilfellum hefur reynst vel að hjálpa náttúrunni við að koma af stað gróðurframvindu, t.d. með gróðursetningum eða beinsáningum. Landgræðslu-skógar og Hekluskógar eru prýðileg dæmi um árangursríka endurheimt skóglendis. Þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið í Hekluskógum mætti án efa beita víðar í því skyni að endurheimta skógarþekju. Í stuttu máli gengur hún út á að gróðursettir eru skógarreitir hér og þar á illa förmu landi, eins konar vinjar í eyðimörkinni, sem munu svo með tíð og tíma breiða úr sér og mynda samfelldan skóg. Hekluskógum er öðrum þræði ætlað að koma í veg fyrir vikurfok sem fylgir gjóskugosum úr eldfjallinu en margvíslegur annar ávinningur fylgir að sjálfsögðu skógræktinni.

Í Hekluskógum er notast við staðargróður, einkum birki, en ekkert er því til fyrirstöðu að fara út í svipuð verkefni með öðrum tegundum. Elritegundir

koma sterklega til greina í því sambandi enda eru þær duglegar að dreifa úr sér í rýrum jarðvegi sem þær á endanum bæta með niturbindingu. Þá væri stafafuran kjörin í rýra lyngmóa enda myndar hún fræ tiltölulega ung og sáir sér auðveldlega.

Einhverjum finnst sjálfsagt óvarlegt að tala um endurheimt skóga þegar gróðursettir eru aðrar tegundir en spruttu á staðnum forðum. Þegar haft er í huga hve einhæfir íslenskir skógar voru, er hins vegar skynsamlegt að auka fjölbreytni og prófa fleiri tegundir. Við vitum ekki hvernig íslenska birkið kemur til með að standa af sér þær áskoranir sem fylgja hamfarahlýnun, nýjum meindýrum og sjúkdómum. Við vitum heldur ekki hvernig sumar þessara nýju tegunda munu laga sig að breyttum aðstæðum. Þess vegna er afar mikilvægt að við endurheimt skóglendis á Íslandi sé leitað fanga víða og að við séum óhrædd við að prófa nýjar tegundir og kvæmi sem hugsanlega geta þrífist hér og dafnað.

Ótti við óhefta útbreiðslu framandi tegunda er einnig ástæðulaus enda breiðast skógar ekki út á einni nóttu. Ef svo illa vill til að framandi smáplöntur fari að skjóta rótum á stöðum þar sem við viljum af einhverjum ástæðum ekki sjá þær, þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur. Það er enda fátt sem við Íslendingar kunnum betur en að eyða skógi.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 30. árgangur, 1. tölublað 2021.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2020:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingþór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Ari Þorleifsson (AÞ), Auður Kjartansdóttir (AK), Árni Þórólfsson (AÞ), Bergur Þór Björnsson (BÞB), Björk Þorleifsdóttir (BÞ), Einar Jónsson (EJ), Jens B. Baldursson (JBB), Narfi Hjartarson (NH), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Þuríður Harðardóttir (ÞH).

Nýja skemman tekur á sig mynd

Í síðasta Laufblaði var fjallað lítillega um nýja skemmu sem verið er að byggja á umráðasvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og nýja skemman óðum að taka á sig endanlega mynd.

Yfirsniðir verksins eru byggingameistararnir Gunnar Þórólfsson og Erlendur Gunnar Gunnarsson en einnig hafa Árni Þórólfsson og Jökull Gunnarsson, starfsmenn félagsins, unnið að verkinu. Þess má einnig geta að arkitekt byggingarinnar er Sigurður Einarsson, formaður félagsins.

Byggingin varð fókheld í febrúar og eru starfsmenn langt komnir með að festa upp milliveggi úr timburgrind og gipsplötum. Þá stendur til að klæða útvegg hússins með lerkiborðum úr Hallormsstaðarskógi.

Kostnaður við byggingu að þessari stærð og gerð er áætlaður á milli 45 og 50 milljónir en með því að spara alla hluti og fá ýmislegt gert án endurgjalds þá er áætlaður byggingarkosnaður hússins um 15 milljónir.

Félagið hefur nýtt sér alla möguleika á afsláttum og að fá aðila með tengsl við félagið til að veita stóran afslátt eða jafnvel gefa vinnu sína.

Árni Þórólfsson
starfsmaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar



Eftir á að klæða skemmuna með lerkiborðum úr Hallormsstað (Mynd: ÁÐ).




Gólfplatan var steipt í byrjun marsmánaðar (Mynd: ÁÐ).



Liðléttingur Skógræktarfélagsins kemur í góðar þarfir við húsbygginguna (Mynd: ÁÐ).

Vorviður styrkir skógræktarfélög

Ellefu skógræktarfélög um land allt hlutu styrki úr Vorviði þegar úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta skipti í febrúar. Vorviði er ætlað að styðja við kolefnisbindingu með skógrækt á vegum félaga og samtaka og er hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Auk skógræktarfélaganna var úthlutað til ýmissa annarra félaga svo sem hestamannafélaga, golfklúbba, Lionsklúbba, björgunarsveitar og skotfélaga. Alls hlutu 23 félög styrki við úthlutunina og nemur heildarfjárhæð styrkveitinga 8,7 milljónum króna. Þar af fengu skógræktarfélögin 4.525.000 kr. sem koma munu í góðar þarfir.



Ellefu skógræktarfélög hlutu styrki úr Vorviði á dögunum (Mynd: EJ).

Töfratré í Hálsaskógi

Skógræktarfélag Djúpavogs tók þátt í Dögum myrkurs á Austurlandi síðastliðið haust en það er hátíð sem haldin er til að fagna myrkrinu og lýsa það upp. Af því tilefni var tré í Hálsaskógi skreytt með endurskinsmerkjum. Fólki var svo boðið í gönguferð með vasaljós um skógin og ef það fann og lýsti á töfratréð, ljómaði það.

Jafnframt samdi Íris Birgisdóttir ljóð um töfratréð og fékk Laufblaðið góðfúslegt leyfi til að birta það.

Töfratréð

Þau undur og stórmerki gerðust í nótt
er grunlausir þorpsbúar sváfu svo rótt
og draumarnir dáleiddu sérhvern hug,
að hrapandi stjarna
hóf sig á flug.

Agndofa þagnaði nóttin þá
er glitrandi fögur þaut hún hjá.
Hún lýsti upp himininn nær og fjær,
brann ekki upp
heldur sindraði skær.

Hún dansaði dýrðlega tær og hrein,
svo töfrandi tunglið af feimni skein.
Við dögum hvarf svo af himinsins braut
og uppgefin sofnaði
í lítilli laut.

Í skógi undir Hálsinum hvílir hún nú
inn á milli trjáanna, stjarnan sú,
en af henni dálítill kvistur spratt,
til himins sig teygði
og stækkaði hratt.

Ef þú sérð stjörnuhrap himininn lýsa
þá átt þú að launum óskina vísa.

Það sama á við kvistinn, sem sagt hef ég frá,
sá er hann finnur
skal ósk sína fá.

Haldið þið vinir í Hálsaskóg
hafið með ljóstýru og heitt kakó.
Ef ljósið í rökkrinu stjarnan fær séð
þá glitrar í myrkrinu
tindrandi tréð.



Töfratréð í Hálsaskógi glóir í myrkrinu enda prýtt endurskinsmerkjum (Mynd: ÞH).

Námskeið um trjá- og runnaklippingar

Grasagarður Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands efndu til fræðsludagskrár um klippingar á trjám og runnum í tilefni af alþjóðlegum degi skóga þann 21. mars. Viðburðurinn fór fram í Grasagarðinum og þar var fjallað um hvernig og hvenær á að klippa mismunandi tegundir trjáa og runna í því skyni að halda þeim heilbrigðum og fallegum. Jafnframt var komið inn á hvað beri að varast í þessum efnum enda geta mistök verið dýrkeypt. Fræðslan var í höndum starfsmanna Grasagarðsins og Skógræktarfélagsins og voru þátttakendur tæplega 30 talsins.



Gestir fræðast um klippingar mismunandi tegunda trjáa og runna (Mynd: BB).



Dugnaðarforkarnir sem gróðursettu á Akranesi (Myndir: JBB).

Öflugir skátar á Skaganum

Skógræktarfélag Akraness fékk góðan liðsauka síðastliðið haust þegar fríður flokkur úr skátafélagi bæjarins kom og gróðursetti í umráðasvæði skógræktarfélagsins við Einbúann. Skátarnir voru um 30 talsins á aldrinum 10-12 ára, ásamt foringjum. Félagar úr skógræktarfélaginu voru skátunum til halds og trausts, sýndu þeim réttu handbrögðin og fræddu þau um starf félagsins.

Gróðursetningin gekk hratt og vel með þessum öflugum flokki en auk þess að gróðursetja, reyttu börnin gras frá plöntum og merktu þær með stikum. Einnig voru slegnir smáblettir með sláttuorfum og gróðursett í þá. Veður var þökkalegt, sól en kaldur norðanstrengur og voru margir farnir að kvarta undan kulda og svengd þegar gróðursetningu lauk.

Jens B. Baldursson




Duglegir skátar á Akranesi (Mynd: JBB).

Félagsskírteini í símanum

Þeirri hugmynd hefur verið fleygt fram hvort að skógræktarfélögin ættu að taka upp rafræn skírteini í stað hefðbundinna pappírsskírteina. Talsvert hagræði fylgir því fyrir stærri félög enda bæði útafrest og dýrt að senda skírteinin í pósti. Nú þegar greiðslukort eru komin í síma þykir mörgum þægilegra að hafa skírteinin rafræn enda veskið ekki alltaf með í för. Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands hafa rætt hugmyndina við formenn skógræktarfélaga víða um land og taka flestir vel í hana. Ekki er þó ætlunin að ana að neinu og verður málið án efa rætt betur á aðalfundi áður en endanleg ákvörðun

verður tekin um hvort og þá hvenær skipt verði yfir í rafræn skírteini.





Innlent timbur vistvænni kostur

Skógar Skógræktarfélags Reykjavíkur eru að eldast en stærsti skógur félagsins Heiðmörk fagnaði einmitt 70 ára afmæli á síðasta ári 2020. Í ræktuðum skógi er æskilegt að grisja reglulega sem er mikilvægt til að viðhalda vexti og heilbrigði skógarins. Vel hirtir skógar eru bæði til prýði, henta vel til útivistar og gefa af sér verðmætar afurðir. Einnig ber að nefna að í skógi sem ræktaður er í 200 ár má binda nærri tvöfalt meira kolefni með því að nytja skóginn í stað þess að láta hann vaxa óáreittan. Athuganir á samanlögðum bindingar-áhrifum nytjaskógar í samanburði við ónytjaðan skóg sýna að nytjaskógrækt og kolefnisbinding fer mjög vel saman. Sé viðurinn flettur í borð og planku og síðan notaður í húsbyggingar eða annað endingargott endist hann í áratugi eða aldir og kolefnið í honum er bundið áfram og það um langan tíma.

Orkufrekur flutningur

Íslenskt timbur er mun vistvænna en timbur sem flutt er til Íslands erlendis frá. Skógrækt bindur kolefni og lítið losnar við skógarhögg og vinnslu timburs. Flutningur þess getur aftur á móti verið orkufrekur. Um 70 prósent af sótspori innflutts timburs verður til við flutning þess til landsins. Sótspor íslensks timburs er því aðeins um þriðjungur af sótspori innflutts timburs.

Á hverju ári eru um 50 þúsund tonn af kolefni losuð út í andrúmsloftið vegna flutninga á timbri til Íslands. Þessir útreikningar byggja á gögnum Hagstofu Íslands frá árinu 2017. Ef allt timbur sem notað er á Íslandi væri framleitt hér á landi, væri því hægt að komast hjá losun sem þessu nemur. Með aukinni nytjaskógrækt á Íslandi væri því hægt að draga verulega úr kolefnislosun vegna flutninga. Þá er ótalið það gríðarlega magn kolefnis sem hægt væri að binda með aukinni

skógrækt hér á landi.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leitast við að styðja þessa þróun. Síðasta sumar opnaði félagið viðarverslun í Heiðmörk. Fyrir nokkrum árum var keypt flettsög og hefur félagið selt borðvið, bolvið, eldivið og kurl. Nú hefur verið komið upp lager af innipurru timbri úr Heiðmörk. Viðinn er til dæmis hægt að nota til að smíða innréttingar á borð við þessa sem arkitektinn Ari Þorleifsson smíðaði úr ösp úr Heiðmörk.

Endurnýjanleg auðlind

Almennt má segja að timbur sé umhverfisvænn kostur, til að mynda í byggingariðnaði. Timbur er endurnýjanleg auðlind auk þess sem sótspor timburs er hverfandi lítið samanborið við steinsteypu. Vegna þessa er vaxandi áhersla á notkun timburs í byggingariðnaði. Í bænum Växjö í Svíþjóð er til dæmis stefnt að því að helmingur nýrra húsa séu timburhús.

*Auður Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri
Skógræktarfélags Reykjavíkur*



Innrétting úr ösp úr Heiðmörk (Mynd: AP).

Samstarf Tækniskólans og Skógræktarfélags Reykjavíkur

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Tækniskólinn hafa gert með sér samstarfssamning um verkefnið Skógar-nytjar. Verkefnið felur í sér að nemendur í trésmíði fái að kynna skógrækt og viðarvinnslu frá fyrstu hendi. Stefnt er að því að allir nemendur í húsgagna- og húsgasmíði við Tækniskólann komi í heimsókn í Heiðmörk einhvern tíma á námstímanum. Þar verður boðið upp á fræðslu um skógrækt, ferlið frá því að tré er fellt og þar til búið er að vinna úr því þurran borðvið, umhverfismál, kolefnisspor viðarins og ávinninginn af því að vinna með innlent timbur. Skógræktarfélag Reykjavíkur leitast við að vera með lager af þurrum borðvið sem nemendur geti notað í sínum verkefnum.

Fyrsti hópurinn kom í Heiðmörk fimmtudaginn 4. mars og voru það nemendur í húsgagnasmíði undir handleiðslu Sigríðar Óladóttur, húsgagnasmíðameistara og kennara við Byggingatækniskóla Tækniskólans. Sævar Hreiðarsson, skógarvörður Heiðmerkur, tók á móti fólki. Farið var með hópinn út í skóg þar sem rætt var um skógrækt, mismunandi trjátegundir, viðargæði, búnað og viðarvinnslu. Þá felldi Sævar tré og sagaði stóran bol niður í borð og planku.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leitast við að kynna innlent timbur sem valkost og ýta undir þá þróun af meira sé notað af íslenskum viðarafurðum. Fyrir nokkrum árum var keypt flettisög og hefur félagið selt útiþurran borðvið og bolvið, auk eldiviðar og kurla. Nú hefur verið komið upp lager af inniþurru timbri úr Heiðmörk sem hægt er að nota til að smíða til dæmis húsgögn og innréttingar.

Auður Kjartansdóttir



Sævar Hreiðarsson, skógarvörður í Heiðmörk, sýnir nemendum Tækniskólans hvernig bolum er flett (Mynd: AK).



Nemendur kynna ferlinu frá því að tréð er fellt og þangað til að búið er að vinna úr því þurran borðvið (Mynd: AK).

Endurbætur á Úlfjótssvatni

Að undanförunu hafa iðnaðarmenn og starfsmenn á vegum Skógræktarfélags Íslands unnið að endurbótum á húsnæði félagsins á Úlfjótssvatni. Eldhúsinrétting í gamla bænum sem orðin var gömul og lúin var tekin niður og hluti af vegg sem aðskildi eldhús og anddyri var fjarlægður. Til stendur að setja upp nýja innréttingu sem hentar betur þeim fjölda fólks sem dvelur að jafnaði í húsinu á sumrin. Jafnframt var ráðist í endurnýjun á baðherbergi á svefnlofti hússins og ýmsar aðrar framkvæmdir. Að þeim loknum ætti húsið að nýtast enn betur þeim sjálfboðaliðum sem þar dvelja frá maíbyrjun til loka september. Þegar mest lætur, gista um og yfir tíu manns í húsinu og því mikilvægt að aðstaðan henti þessum mikla fjölda.



Búið er að rífa hluta af vegg í gamla bænum í því skyni að stækka eldhúsið enda oft margt um manninn við eldhúsborðið (Mynd: NH).

Viðarvinnsla á Snæfoksstöðum

Skógræktarfélag Árnesinga hefur náð langt á sviði viðarvinnslu enda vinnur félagið leynt og ljóst að því að verða leiðandi á þessu sviði í landsfjórðungnum líkt og fram kom í síðasta Laufblaði. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að búa yfir góðum tækjakosti og ekki síðri mannauði. Hvorttveggja er til staðar á Snæfoksstöðum þar sem hjarta félagsins slær. Stutt er síðan Bergur Þór Björnsson tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins af Böðvari Guðmundssyni sem gegnt hafði því um árabíl samhliða öðrum störfum í skógrækt. Böðvar er þó enn eins og grár köttur í skemmumni á Snæfoksstöðum. Báðir búa þeir yfir mikilli reynslu og þekkingu á sínu sviði og hafa átt stóran þátt í að byggja upp viðarvinnslu félagsins.

Síðastliðið haust festi Skógræktarfélag Árnesinga kaup á viðarkleyf og selja eldivið bæði í körum og pokum. Jafnframt hefur félagið á boðstólum kurl í sekkjum og í lausu.

Þá tekur félagið að sér að fletta bolum fyrir fólk í ýmsum breiddum og stærðum. Á einni myndinni sem fylgir þessari frétt má til dæmis sjá 5x6 tommu burðarbita sem sniðnir voru til fyrir gamalt hús á Eyrarbakka sem verið er að gera upp.



Flettir bolir frá Skógræktarfélagi Árnesinga og burðarbitar í gamalt hús á Eyrarbakka (Mynd: BDB).



Skógræktarfélag Árnesinga er vel tækjum búið. Nýr viðarkleyfir til vinstri og öflugur kurlari til hægri (Mynd: BDB).

Skreytingar úr skóginum

Í skóginn má sækja margs konar efnivið til að skreyta og fegra híbýli fólks. Margir skreyta með furu- eða grenigreinum um jól og skella svo birki-grein í vatn skömmu fyrir páska til þess að hún verði laufguð þegar páskarnir ganga í garð. Þetta má gera við greinar annarra trjáa og runna eins og til dæmis greinar heggins. Heggurinn laufgast á fáeinum dögum innandyr og einnig birtast fallegir hvítir blómklasar sem lífga upp á heimilið.

